

Fundargerð 302. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 11. febrúar 2010, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson, Rebekka Eiríksdóttir, Egill Sigurgeirsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 14. janúar 2010. Samþykkt.
2. Fundargerð hreppsnefndar 29. janúar 2010. Samþykkt.
3. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 8. febrúar 2010. Liðir 1,2 og 3 samþykktir. Liður 1 undir önnur mál: Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við lóðartillögu sbr. bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins dags. 8. febrúar 2010 og meðfylgjandi teikningu lóðar kirkjugarðsins á Stað dags. 5. okt. 2007. Liður 2 undir önnur mál samþykktur.
4. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 8. september 2009. Samþykkt.

Mál til afgreiðslu:

1. **1002017** Samningur við Búnaðarsamtök Vesturlands um búfjáreftirlit fyrir árið 2010. Samningurinn samþykktur.
2. **1002015** Bréf dags. 8. febrúar s.l. frá Aðalsteini Valdimarssyni þar sem hann býður Reykhólahreppi hlut sinn í Hjöllum til kaups. Afgreiðslu frestað til næsta fundar og sveitarstjóra falið að kanna verðhugmyndir.
3. **1002014** Bréf, ódagsett, móttekið 5. febr. s.l. frá Landgræðslu ríkisins með ósk um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið. Erindinu hafnað.
4. **1002013** Tölvupóstur dags. 8. febrúar s.l. frá UMÍS ehf með fyrirspurnum um aðgerðir Reykhólahrepps í loftslagsbreytingum – loftslagsáætlunum. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
5. **1002007** Bréf dags. 24. janúar s.l. frá Lánasjóði sveitarfélaga með ósk um heimild til að miðla upplýsingum um lán sveitarfélagsins hjá lánasjóðnum. Hér með veitir sveitarstjórnin, með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, Lánasjóði sveitarfélaga heimild að miðla upplýsingum um lán sveitarfélagsins hjá lánasjóðnum opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn skuldara, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. í ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum .

6. **0910021** Bréf dags. 28. janúar s.l. frá Birni M. Björgvinssyni fyrir hönd Áttthagafélags Múlahrepps varðandi viðhald Skálmarnesmúlavegar (609). Tekið jákvætt í erindið og sveitarstjóra og Agli Sigurgeirssyni falið að ræða við aðila.
7. **1001038** Tölvupóstur dags. 26. janúar s.l. frá Stykkishólmsbæ með uppkasti að samningi um gagnkvæma aðstoð sjö slökkviliða á svæðinu. Samningurinn samþykktur.
8. **0912005** Tölvupóstur dags. 8. febrúar s.l. frá Sambandi Ísl. sveitarfélaga varðandi vinnufund um tilfærslu þjónustu við fatlaða til sveitarfélaga. Ákveðið að sveitarstjóri, formaður félagsmálanefndar og tveir til viðbótar fari á fundinn.
9. **0912005** Ákvörðun um samstarf við önnur sveitarfélög vegna málefna fatlaðra. Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkir að leita eftir samstarfi við sveitarfélög á Vesturlandi um málefni fatlaðra þegar þau verða flutt frá ríki til sveitarfélaga.
10. **1002019** Hlunnindasýningin, hugsanlegar endurbætur og breytingar. Ákveðið að auglýsa eftir rekstraraðila fyrir Hlunnindasýninguna. Einnig eftir áhugafólki um framtíðarstefnumótun sýningarinnar.
11. **1002020** Reykhóladagurinn 2010. Umsjónarmenn og fyrirkomulag. Samþykkt að leita til félagasamtaka í sveitarfélaginu varðandi aðkomu þeirra að Reykhóladeginum.

Mál til kynningar:

1. **1001037** Bréf dags. 28. janúar s.l. frá Ungmennafélagi Íslands. Kynnt.
2. **1001026** Bréf dags. 14. janúar s.l. frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands varðandi lífshlaupið, fræðslu- og hvatningarverkefni ÍSÍ. Kynnt.
3. **1001025** Bréf, ódagsett, móttakið 25. janúar s.l. frá sauðfjárveikivarnarnefnd Strandabyggðar og nágrennis með ályktun um lungnapest í sauðfé. Kynnt.
4. **1001021** Bréf, ódagsett, móttakið 19. janúar s.l. frá Sigþóri Guðmundssyni og Eyjólf Þór Georgssyni f.h. Íslenskra alþýðumanna varðandi Evrópusambandið. Kynnt.
5. **1002003** Símskeyti dags. 28. janúar s.l. frá Álfarlandi ehf varðandi lóðarleigu. Kynnt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:50.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)